

# HAUSTÞYTUR

FRÉTTABRÉF FRÁ SKÓLANUM YKKAR

OKTÓBER  
2025

## Skólabyrjun

Skólinn fer mjög vel af stað og búið að vera mikið um að vera í leik og starfi. Við minnum á [heimasíðu skólans](#) en þar koma reglulega inn fréttir og hlekkir á myndaalbúm.

Kærar þakkir til ykkar fyrir góða mætingu á haustfundina. Þar sköpuðust góðar umræður en haustfundir eru mikilvægur samræðuvettvangur. Það skiptir okkur miklu máli að skapa góð og traust samskipti þar sem farsæld og menntun barna er haft að leiðarljósi.

Núna ættu að vera komnir bekkjarfulltrúar í öllum námshópum. Við hvetjum bekkjarfulltrúa hvers námshóps að huga að skipulagningu hausthittings.

Fjölmarginir viðburðir hafa átt sér stað í skólanum og má sjá myndir af þeim hér að neðan:

## Myndir úr skólastarfinu

[Ólympíuhlaupið](#) - Hérna eru myndir.

[Útivistardagur:](#)

[Hraunsvatn myndir](#)

[Dunhagahnjúkur myndir](#)

[hestaferð myndir](#)

[hjólaferð myndir](#)

[Samskóladagur 5.-7.b á Grenivík](#)

[Samskóladagur 8.-10.b á Stórutjörnum](#)

[Grunnskólamótið á Laugum 7.-10.b](#)

[Samfélagslöggur í heimsókn](#)

[Húnaferð 5.-6. bekkjar](#)



## Leiðsagnarnám

Í september höfum við unnið með *námsfélaga* í öllum námshópum en námsfélagar ræða námið, skipuleggja það saman og hjálpast að.

Auk þess höldum við ótrauð áfram með þá vinnu sem við höfum haustið 2024 þ.e. að hrósa á uppbyggilegan hátt og þjálf þakkir. *Hrós og þakkir* æfa okkur í að horfa á hið jákvæða í fari fólks sem eflir sjálfsmynd og samkennd. Öll vinnan í kringum innleiðingu leiðsagnarnáms hefur þann tilgang að skapa jákvæðan og uppbyggilegan skólabrag sem nemendur og starfsfólk njóta sín í.

## Framundan í okt og nóv

- 8. okt. - Aðalfundur foreldrafélagsins
- 8. okt. - 9. og 10. bekkur í heimsókn í VMA og MA
- 14. okt. - Lesum saman
- 16. okt. - Starfsdagur
- 17. okt. - Viðtalsdagur
- 20.-21. okt. - Haustfrí
- 22. okt. - **Bleiki dagurinn**
- 29. okt. - List fyrir alla 1.-4. bekkur
- 8. nóv. - Baráttudagur gegn einelti
- 11.-13. nóv. - Þemadagar
- 20. nóv. - Ævar Þór heimsækir 5.-8. bekk
- 26. nóv. - Starfsdagur (skóli lokaður)

## Aðalfundur foreldrafélagsins

Aðalfundur foreldrafélags þelamerkurskóla miðvikudaginn. 8. október kl. 20

### Dagskrá fundar:

- Aðalfundarstörf
1. Skýrsla stjórnar
  2. Ársreikningar félagsins lagðir fram
  3. Kosning í stjórn og nefndir
  4. Önnur mál

Virk þátttaka foreldrafélaga skiptir miklu máli og hvetjum við foreldra til þess að mæta á fundinn og taka samtalið. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum m.a. leikhúsferðum og samverustundum námshópa.

## Október

Október er tileinkaður vellíðan fyrir öll og er alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn 10. október nk. Þemað í ár er geðheilbrigði á vinnustað en skólinn er vinnustaður bæði nemenda og starfsfólks og munum við því halda þessu á lofti í október.

Þriðjudaginn 1. október gengum við míluna saman, allt starfsfólk og nemendur. Við settum tónlistina í botn og skemmtum okkur konunglega í árlegu partýmílanum okkar. Þetta gerum við til þess að vekja athygli á vellíðan mánuðinum okkar.

### Bleikur október – Bleiki dagurinn 22. okt

Bleikur október hefur sérstaka þýðingu fyrir okkur í skólanum og hugsum við hlýtt til allra þeirra stórkostlegu kvenna sem hafa þurft eða eru að glíma við krabbamein. Miðvikudaginn strax eftir haustfrí ætlum við að halda upp á **bleika daginn** og hvetjum við nemendur og starfsfólk til þess að mæta í bleiku í skólann þann dag.



### Starfsdagur, viðtalsdagur og haustfrí

Starfsdagur verður fimmtudaginn 16. október og viðtalsdagur föstudaginn 17. október. Nú þegar hefur verið opnað fyrir skráningu viðtala í mentor. Haustfrí er hjá okkur 20. og 21. október. Þá daga er skólinn lokaður.

**Skólalúpsinn - nemendakönnun** verður lögð fyrir í október hjá nemendum í 2.-10. bekk. Skólalúpsinn er mikilvægt verkfæri fyrir innra mat skólans og verða niðurstöðurnar nýttar til umbóta.

## Endurskoðun skólafestna Hörgársveitar

Fyrir á þessu ári var ákveðið að fara í það verkefni að endurskoða skólafestna Hörgársveitar. Skipaður hefur verið stýrihópur til að leiða þetta verkefni. Í stýrihópnum sitja Hugu Ósk Hermannsdóttir og Anna Rósa Friðriksdóttir skólafeststjórnar Álfasteins og þelamerkurskóla, Jóhanna María Oddsdóttir formaður fræðslunefndar, Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir sem skipuð hefur verið verkefnastjóri og mun hún leiða þessa vinnu. Fyrsti fundur stýrihópsins var haldinn 6. október þar sem var sett verkáætlun með það að markmiði að endurskoðuð skólafestna muni líta dagsins ljós á vordögum.

## Góð heimsókn frá Svíþjóð

Í september komu sex starfsmenn úr sænskum grunnskóla í heimsókn til okkar. Þau vörðu heilum skóladegi með okkur en það sem vakti mesta athygli hjá þeim var þessi hlýi og góði skólalagur sem við vinnum svo mikið með og viljum viðhalda í öllu okkar starfi. Þau voru himinlifandi með móttökur nemenda og starfsfólks, röltu um skólann, borðuðu hádegismat með okkur og fóru í útiskólann með 3. og 4. bekk. Það er alltaf gott og gagnlegt fyrir skóla að taka á móti gestum og heyra sýn og upplifun gesta á skólanum.

## Kærar haustkveðjur frá starfsfólki þelamerkurskóla

Proski-Menntun-Samkennd



## Þemadagar í nóvember

Þemadagar verða í nóvember og er skipulagning hafin. Gera má ráð fyrir góðum dögum, ekki er búið að ákveða nákvæmlega viðfangsefni þemadaganna en við stefnum á að vinna með heilsu, réttindi og raddir barna.

**Partýmílan 1. október**  
Allt starfsfólk og nemendur tóku sameiginlega mílu.  
Mikil stemmning. Sjá myndir.



## Uppskera

Á umhverfisdegi í vor settu nemendur niður kartöflur, gulrætur, spergilkál, blómekál, hnúðkál, salat og ýmislegt fleira.

Kraftmiklir nemendur í 7. og 8. bekk tóku upp grænmetið í blíðskapar veðri í september og færðu mötuenytinu uppskeruna. Afar ljúffengt og gott grænmeti sem kom upp, uppskeran kom töluvert á óvart en hún var mun betri en vonir stóðu til um.

## Hérna eru myndir



## Farsæld barna

Tengiliðir farsældar í þelamerkurskóla eru:  
**Sigríður Guðmundsdóttir** (sigga@thelamork.is)  
**Sigríður Valdimarsdóttir** (sisi@thelamork.is)

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Farsældarlögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.



